

## FUNDAGERÐ SKIPULAGS- OG BYGGINGARNEFNDAR

Mánudaginn 15. september 2008, kl. 18<sup>00</sup>, var fundur haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Skagastrandar. Á fundinn voru mættir: Vilhelm Harðarson, Magnús B. Jónsson, Björn Hallbjörnsson, Svenny Hallbjörnsdóttir, Þórarinn Grétarsson, Hafsteinn Pálsson, slökkviliðsstjóri og Bragi Þór Haraldsson, byggingarfulltrúi.

Formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

### 1. Erindi Hringrásar

Fyrir fundinum lá erindi Hringrásar ehf sem óskar eftir lóð á Fellsmelum til móttöku á brotamálum. Meðfylgjandi erindinu var yfirlitsmynd sem sýnir staðsetningu umbeðinnar lóðar sem er 7000 fm. Sveitarstjóri gerði grein fyrir að málið hefði verið tekið fyrir í sveitarstjórn þar sem það fékk jákvæða afgreiðslu með fyrirvara um nánari útfærslu á málinu af hálfu umsækjanda. Fram kom að Hringrás muni senda formleg gögn um lóðina innan tíðar. Byggingarnefnd samþykkti úthlutun lóðarinnar í þeim tilgangi sem kynnt eru í fylgigögnum en gerði skilyrði að uppfyllt væru ákvæði um frágang slíkra staða.

### 2. Erindi MX klúbbs Skagastrandar

MX – klúbburinn óskar eftir 27.000 fm lóð undir mótorkrossbraut á Fellsmelum. Meðfylgjandi erindinu var grunnmynd af umbeðnu svæði sem er sunnan lóðar sem ætluð er fyrir starfsemi Hringrásar sbr. dagskrárlíð 1. Björn Hallbjörnsson lýsti sig vanhæfan til afgreiðslu málsins og vék af fundi. Skipulags- og byggingarnefnd ræddi erindið en samþykkti síðan úthlutun lóðarinnar en beindi því til MX – klúbbsins að gengið verði frá svæðum milli brauta.

### 3. Vallarbraut 2.

Fyrir fundinum lá uppdráttur af stækkaðri lóð Vallarbraut 2 sbr. afgreiðslu fundar 11. febrúar 2008. Byggingarnefnd samþykkti lóðamörkin.

### 4. Hólabraut 1

Steindór R. Haraldsson sækir um heimild byggingarnefndar til að byggja tengibyggingu milli íbúðarhúss og bílskúrs skv. meðfylgjandi uppdráttum og jafnframt að breyta útliti glugga á vesturhlið íbúðarhúss til samræmis við aðra glugga í húsinu. Gerð var athugasemd við að andyri verður ekki til staðar skv. fyrirliggjandi teikningum. Erindið var að öðru leyti samþykkt en gert að skilyrði að lagðar verði fram byggingarnefndarteikningar með skráningartöflu og byggingarlýsingu.

### 5. Hólabraut 4

Sótt er um stöðuleyfi fyrir 3 x 3 m verkfæraskúr. Erindið var samþykkt

### 6. Hólabraut 8

Bjarni Ottósson sækir um heimild til að byggja skjólvegg og sólpall við Hólabraut 8 samkvæmt meðfylgjandi teikningum. Fyrirhugaður skjólveggur verður byggður úr gleri með timburumgjörð. Hæð veggjarins er mest 2,38 m. Erindið var samþykkt.

**7. Lundur**

Eygló Gunnarsdóttir sækir um heimild til að byggja skjólgirðingu við suðurenda eignarinnar skv. meðfylgjandi grunnmynd. Erindið var samþykkt.

**8. Hólabraut 16**

Pétur Eggertsson sækri um heimild til að reisa garðhús á lóð Hólabrautar 16. Samþykkt að veita stöðuleyfi fyrir umrætt hús.

**9. Ránarbraut 16**

Einar Ásgeirsson sækir um heimild til að breyta útliti á gluggum og hurðum eignarinnar. Erindið var samþykkt en gert að skilyrði að lögð verði fram gögn um burðarþol við dyr bílskúrs

**10. Fjörubraut 8**

Sigríður Gestsdóttir fh. Nes listamiðstöðvar óskar heimildar til að breyta notkun og útliti Fjörubrautar 8. Breyting á notkun felst í að húsið verð vinnuaðstaða fyrir listamenn í stað fiskvinnslu. Breyting á útliti felst í að iðnaðarhurðir verð fjarlægðar en settar hurðir með gleri á suðurhlið og norðurhlið. Erindið var samþykkt.

**11. Oddagata 1**

Ómar Sigurbjörnsson sækir um heimild til að endurbyggja skúr við húsið og klæða það utan með hvítri bárujárnsklæðningu. Erindið var samþykkt.

**12. Önnur mál.**

Sveitarstjóri gerði tillögu um að settar verði niður 4 hraðahindranir. Samþykkt eftirfarandi staðsetning: Á Strandgötu við Lækjarbakka, á Oddagötu norðan við innkeyrslu að söluskála, á Bogabraut neðan við innkeyrslu að Bogabraut 7 og á Ránarbraut við hús númer 12. Umræður urðu um hámarkshraða innanbæjar og samþykkt að óska eftir að lögglela geri umferðarhraðakönnun.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 19.<sup>40</sup>

Vilhelm Harðarson

Magnús B. Jónsson

Björn Hallbjörnsson

Svenny Hallbjörnsdóttir

Þórarinn Grétarsson

Hafsteinn Pálsson

Bragi Þór Haraldsson